

Þórir Þór Jónasson  
1983

## FISKIFRÆÐILEGAR RANNSÓKNIR Í FÁSKRÚÐ 1983.

### Inngangur.

Dagana 20 - 21/7 1983 fóru fram fiskifræðilegar rannsóknir á hluta vatnsvæðis Fáskrúðs.

Í aðalatriðum eru það þrír höfuðþættir sem ráða því hversu vel á er fallin til viðhalds á þeim laxfiskastofni sem hana byggir. Þessir þrír þættir eru:

1. Botngerð og straumlag árinnar.
2. Hitastig.
3. Fæðumagn.

Verður nú í stuttu máli fjallað um þessa þætti.

### Botngerð og straumlag.

Lax hrygnir gjarnan í möl og grús (blanda af grjóti 1 - 10 cm í þvermál), þar sem straumhraði er ca. 0,3 - 0,8 m/sek, en vatnsdýpi ca 30 - 80 cm. Þessar aðstæður eru oft neðst í hyljum.

Laxaseiði klekjast úr hrogni að vori (sumri) og halda sig þá nokkurn vegin á sama stað og þau klekjast út, en eftir því sem þau stækka (eins vetur gömul og eldri) þurfa þau stórgryttari botn. Kjörskilyrði eins veturs gamalla og eldri laxaseiða hvað viðvíkur botngerð og straumlagi er smágrýttur til grýttur botn (steinastærð 5 - 30 cm í þvermál), þar sem straumhraði er 0,5 - 1,25 m/sek. Þar finna laxaseiðin sér var fyrir straumi og óvinum. Jafnframt er fæðuframboðið hvað mest á slikum stöðum.

### Vatnshiti.

Í betri laxveiðiám á Íslandi er vatnshitinn lengstum um og yfir 10° C hlýstu mánuði sumarsins (júní - ágúst), en ef laxfiskastofn á að geta þrifist í á, þarf hún að ná að minsta kosti 6 - 7° meðalhita í minnst 100 daga yfir sumarið.

Seiðarannsóknir í hinum ýmsu kaldari ám á norðanverðu landinu, Vestfjörðum, Norðurlandi og norðaustanverðu landinu síðustu árin sýna að sumir seiðaárgangar eru afar veikir og i einstaka ám fundust sumir seiðaárgangar alls ekki. Á þetta einkum við 1979, 1981 og 1982 árgangana. Einnig eru miklar likur á því að 1983 árgangurinn hafi misfarist sl. veturn, en vorgömul seiði voru mjög smá í þeim köldu ám sem rafveitt var í á fyrrnefndum landshlutum. Ástæður þessa má líklega rekja til þess að þessi ár voru sumrin köld, seiðin klöktust því seint úr hrogni og höfðu einfaldlega ekki tíma til þess að safna nægilegu forðabúri fyrir komandi veturn. Auk þess hefur heildarfæðuframboðið verið í minna lagi vegna vatnskuldans.

### Fæða.

Laxaseiðin lifa á smádýrum, sem í okkar ám eru aðallega þúpur og lirfur rýkmýs, bitbýs og vorflugna. Þessar skordýralirfur halda sig út í straumnum með því að festa sig á steina (stórgryttur botn), og lifa aðallega á smásæjum svifþörungum og svifdýrum, sem straumurinn ber niður ána. Pörungamagn árinnar ræðst af því hversu auðug hún er af uppleystum steinefnum.

Um þessa þrjá þætti er fjallað nánar í grein sem fylgir þessari skýrslu, en hún er eftir þá Rolf Gydemo og Jón Kristjánsson og birtist í Frey no 10 árið 1980.

### Niðurstöður.

Í Fáskrúð var rafveitt á fjórum stöðum. Á fiskgenga hlutanum var rafveitt framan við Hellufljót, við neðri Barka og ofan við Laxahyl. Á ófiskgengum hluta var rafveitt við Heiðkollufljót.

Lengdar og aldursdreifing veiddra laxaseiða er sýnd á súluriti 1 á bls

Eitthvað hefur verið sleppt af sumarseiðum á ófiskgenga hluta Fáskrúðs frá 1977, líklega hefur mest af seiðum verið sleppt fyrir framan Heiðkollufljót (á Lambeyrum), en þar eru skilyrði fyrir laxaseiði ekki góð.

Við Heiðkollufljót veiddust tvö laxaseiði. Annað seiðið var mjög lítið og er úr kviðpokaseiðasleppingum fyrr um sumarið, en Daði hafði þá sleppt 10.000 kviðpokaseiðum sem hann hafði sjálfur séð um klak á. Hitt seiðið 9,2 cm langt var tveggja vетра gamalt (úr sleppingu 1981).

Á fiskgenga hlutanum er 1980 árgangurinn (3. vетра gömul seiði ( $3^+$ )) áberandi sterkestur, en 1981 og 1982 árgangarnir veikari.

Einstaka seiði nær sjóögustærð (ca 10 - 14 cm) þriggja vетра gömul, en flest ná sjóögustærð fjögurra vетра gömul, sum þó ekki fyrr en fimm vетра gömul.

### Ályktanir og aðgerðir.

Af niðurstöðum rafveiðanna er ljóst að 1981, 1982 og væntanlega 1983 árgangana vantar að mestu í ána. Mér finnst líkleg skýring sú sem getið var hér að framan i innganginum, þ.e. hin köldu sumur undanfarin ár hafi leitt til þess að vorgömul seiði hafi farist að meira eða minna leiti veturinn eftir að þau klöktust út. Er hætt við því að laxagengd undan nátturulega klöktum laxi minnki verulega eftir að 1980 árgangurinn, sem hinsvegar virðist vera nokkuð sterkur, hefur skilað sér í ána en það mun að mestu leyti vera árið 1985 sem smálax og árið 1986 sem stórlax

Fáskruð er laxgeng upp að Katlafossum, en það eru u.p.b. 11 km.

Fyrir ofan Katlafossa eru viða sæmileg til góð uppeldisskilyrði fyrir laxaseiði (hvað botngerð viðvíkur). Ef Katlafoss yrði gerður fiskgengur opnast nánast jafn stórt svæði og fiskgengi hlutin er núna, eða allt upp að Heiðkollufljóti, en þar rennur áin í þunnri filmu niður afliðandi berg. Ætti að vera tiltölulega auðvelt að gera fiskgengt upp þessa hindrun og myndi þá opnast stórt svæði í viðbót.

Við Lambeyrarnar eru slæm uppeldisskilyrði fyrir laxaseiði, því botninn samanstendur þar ýmist af möl eða sandi. Þar fyrir ofan verður botninn grýttur og góð skilyrði eru þar fyrir laxaseiði, einkum í Vatnadalskvísl sem fellur úr Stórvatni. Hvanná er ennfremur hlýrri en Fáskrúð ofan við ármót Köldukvíslar og Hvannár. Gætu skilyrði fyrir seiði því verið eitthvað betri í Hvanná en ofarlega í Fáskrúð.

Samkvæmt framansögðu tel ég rétt að skoða þann möguleika að gera Fáskrúð fiskgenga alla leið. Jafnframt því sem uppeldissvæði fyrir laxaseiði myndu stóraukast fást væntanlega margir nýir veiðistaðir á svæðinu frá Katlafossi og upp að Heiðkollufljóti. Ef menn vilja væri þá hægt að setja rist í væntanlega rennu við Heiðkollufljót og loka þannig uppgönguleiðinni fyrir lax yfir veiðitímann, en hleypa síðan takmörkuðum fjölda laxa upp eftir veiðitímann.

Sleppingar sumarseiða í vötn sýnast ætla að gefa góða raun, og ná seiðin oft sjóögustærð á einu til tveimur árum. Ég tel æskilegt að sleppa seiðum í Neðsta - Mið og Efsta vatn og e.t.v. fleiri vötn sem úr fellur í Fáskrúð. Sömuleiðis ætti að sleppa seiðum í Þverá, en botnin í henni er viða grýttur og hún er mun hlýrri en Fáskrúð. Sömuleiðis má þá sleppa seiðum á ófiskgeng svæði í Fáskrúð en ég tel, sérstaklega ef út í það verður farið að gera fiskvegi í Fáskrúð, þá er rétt að leggja höfuðáherslu á sleppingu í vötn og Þverá. Útreikningar benda til þess að hægt sé að sleppa u.p.b. 30.000 sumarseiðum í Miðvatn og Neðstavatn en u.p.b. 20.000 í fremsta vatn og Krossaxlarvatn.

Í Þverá er rétt að sleppa um 3,5 - 0,5 seiði á hvern fermetra af grýttum botni í ánni.


Ég skoðaði ós Fáskrúðs, en áin rennur þar í mörgum grunnum lænum á fjöru. Slikt getur verið skeinuhætt niðurgöguseiðum því fugl á þar auðvelt með að ná seiðum sem eru á leið til sjávar. Sömuleiðis getur þetta tafið fyrir uppgöngu lax í ána, jafnframt því sem fuglinn getur orðið hrognum skeinuhættur. Tel ég því æskilegt að sameina ána í ósnum.

FASKRÚÐ, DALASÝSLV

LENGOAR- OG ALDURSDREIFING VEIÐDRA LAXASEIDA

DAGANA 20-21/7 1983.

Fjöldi seida




SKÝRINGAR.

1<sup>+</sup> = EINS VETUR GAMALT SEIDI

2<sup>+</sup> = TVEGGJA VETUR GAMALT SEIDI

OG SVO FRAM VEGIS.



FÁSKRÚÐ  
DALASÝSLU.

RAFVEIDISTAOIR ERU  
MERKTIR MED # OG  
NÚMERI.